

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2024

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) 2024, var haldinn þriðjudaginn 19. mars 2024 kl. 17:00 í Háteigi á Grand Hótel Reykjavík. Fundurinn var jafnframt aðgengilegur í útsendingu gegnum streymi á heimasíðu sjóðsins, [www.live.is](#).

Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Helgu Melkorku Óttarsdóttur, lögmann, sem fundarstjóra og var tillagan einróma samþykkt af fundarmönnum. Fundarstjóri gerði tillögu um að Oliver Ómarsson, lögfræðingur hjá lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur í Morgunblaðinu 17. febrúar s.l. Þá voru aðrar auglýsingar birtar síðar um aðalfundinn í dagblöðum og á vef sjóðsins. Lýsti fundarstjóri því fundinn lögmatan.

Því næst var gerð grein fyrir dagskrá fundarins og í kjölfarið var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í fylgiriti með fundargerðinni.

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2023, ásamt því gerði hann grein fyrir tryggingafræðilegri athugun og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2024. Einnig gerði hann grein fyrir skipan stjórnar og skipun fulltrúaráðs. Yfirferð framkvæmdastjóra er að finna í fylgiriti með fundargerðinni.

3. Kynning á hluthafastefnu LV

Tómas N. Möller, forstöðumaður lögfræðisviðs sjóðsins, gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins. Fór hann yfir helstu breytingar á stefnunni sem var uppfærð 23. nóvember sl. Yfirferð hans er að finna í fylgiriti með fundargerðinni. Hluthafastefnuna er að finna á vef sjóðsins, [live.is](#).

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

4. Starfskjarastefna

Fundarstjóri gerði grein fyrir breytingum á starfskjarastefnu lífeyrissjóðsins. Breytingin leiðir af 5. gr. reglugerðar ESB nr. 2019/2088, um að greina sjálfbærniáhættu í eignastöfnum og útskýra fyrir endafjárfesta (SFDR). Henni er ætlað að styðja við verðmætasköpun og hagsmuni sjóðfélaga til skemmri og lengri tíma, að styðja við áherslur sjóðsins varðandi áhættustýringu, þar með talið sjálfbærniáhættu í eignastöfnum og að rekstur sé í samræmi við bestu viðmið. Breytingar á starfskjarastefnunni er að finna í fylgiriti með fundargerðinni.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreindan lið á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs. Starfskjarastefnan var samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

5. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna

Í grein 5.17 í samþykktum sjóðsins stendur, Á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins.

Tilnefningar:

- Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar LV, án tilnefningar
- Svanhildur Þórsteinsdóttir, tilnefnd af VR
- Jón Ólafur Halldórsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins
- Anna Kristín Ingólfsdóttir, tilnefnd af Félagi atvinnurekenda

Varamenn:

- Jónas Yngvi Ásgrímsson, tilnefndur af VR
- Margrét Kristín Sigurðardóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins

Tillagan var samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur að stjórnarlaunum og launum vegna setu í endurskoðunarnefnd

Anna Kristín Kristjánsdóttir, formaður nefndar um laun stjórnarmanna, gerði grein fyrir tillögu að stjórnarlaunum:

Lagt var til að laun stjórnarmanna hækki um 3,25% og verði eftirfarandi:

- Laun formanns verða kr. 464.760 á mánuði, hækka úr kr. 450.131.
- Laun varaformanns verða kr. 348.570 á mánuði, hækka úr kr. 337.598.
- Laun aðalmanns verða 232.380 á mánuði, hækka úr kr. 225.065.
- Einnig er lagt til að greitt verði 2% mótframlag vegna lífeyrissparnaðar í séreign vegna launa stjórnar og fyrir setu í endurskoðunarnefnd.

Stjórn er heimilt að ákveða að greiða fyrir aukafundi stjórnar umfram reglulega stjórnarfundi samkvæmt starfsáætlun. Heimildin nær til allt að sjö funda og nema greiðslur hálfum mánaðarlaunum stjórnarmanna. Reglulegir fundir samkvæmt starfsáætlun eru ellefu á ári.

Varamenn fá greidd hálf mánaðarlaun aðalmanns fyrir hvern fund sem þeir sitja. Þá fá varamenn mánaðarlegar greiðslur sem nema 15% af mánaðarlegum greiðslum aðalmanns. Með því er varamönnum greidd þóknun fyrir þá vinnu sem ætla má að fari í að fylgjast með starfsemi sjóðsins. Einnig fá varamenn greiðslu sem nemur einum mánaðarlaunum aðalmanns ef þeir undirgangast hæfismat Fjármálaeftirlitsins með þeim hætti að þeir fara í viðtal hjá matsnefnd.

Lagt var til að laun fyrir setu í undirnefnd stjórnar, endurskoðunarnefnd hækki um sömu hlutfallstölu.

- Laun endurskoðunarnefndar hafa verið greidd í einni árlegri greiðslu en nú er lagt til að greiðslur verði mánaðarlega.
- Lagt er til að þau taki sömu breytingum og stjórnarlaun, þ.e. 3,25%
- Laun formanns verða kr. 145.998, en þau voru áður kr. 141.402.
- Laun annarra nefndarmanna verða 72.999, en voru áður kr. 70.701.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreindan lið á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráð. Tillagan var samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

7. Tillögu stjórnar um endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtæki

Stjórn lagði til að Hrafnhildur Helgadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf., verði endurskoðandi LV.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreindan lið á dagskrá fundarins. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráðið og var hún samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

8. Tillaga stjórnar að samþykktarbreytingum

Tómas N. Möller, forstöðumaður lögfræðisviðs sjóðsins, kynnti breytingar á samþykktum sjóðsins vegna ensks hjáheitis LV, boðun aðalfunda, ávöxtunarleiða séreignarsparnaðar og réttindataflna I og II í viðauka A um lífeyrisréttindi. Þá var fjallað um gildistöku ákvæðanna. Kynninguna má finna í fylgiriti með fundargerðinni.

Fundarritari bar samþykktarbreytingarnar undir atkvæði, allar breytingar voru samþykktar samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

9. Erindi - 67 ára hvað þýðir það?

Hildur Hörn Daðadóttir, forstöðumaður rekstrarsviðs sjóðsins, flutti erindi um þjónustu LV við sjóðfélaga. Í erindinu var gerð grein fyrir breyttum ákvæðum um upphaf töku ævilangs lífeyris úr 65 ára í 60 ára. Þá var farið yfir uppfærslu á vef sjóðsins, m.a. er varðar nýja reiknivél um skiptingu lífeyris milli maka. Einnig var fjallað um kynningar sem LV býður upp á um að fá sérfræðing frá sjóðnum á vinnustaði til að veita ráðgjöf um lífeyrismál. Kynninguna má finna í fylgiriti með fundargerðinni.

10. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum um að tjá sig um önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá og undirrita fundargerð fundarins.

Fundi slitið kl. 18:05.

Helga Melkorka Óttarsdóttir
Fundarstjóri

Oliver Ómarsson
Fundarritari